

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Sundahöfn - hafnarsvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 9 ha uppfyllingu í innri höfn í Vatnagörðum og lengingu Skarfabakka til austurs að Kleppsbakka.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2009